

# EFTIRLITSSKÝRSLA

Háskóli Íslands VRIII



<b>Dags eftirlits</b>	18.10.2012	<b>Fulltrúi UST</b>	Ásgeir Björnsson
<b>Fyrirtæki</b>	Háskóli Íslands	<b>Fulltrúi UST</b>	
<b>Heimili</b>	Hjarðarhaga 2	<b>Tegund eftirlits</b>	Reglubundið
<b>Kennitala</b>	600169-2031	<b>Flokkur</b>	Erfðabreyttar lífverur
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>	Eiríkur Steingrímsson	<b>ÍSAT nr.</b>	85.14.3
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>		<b>Staðsetning</b>	

## NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Engin frávik voru frá settum leyfisskilyrðum. Engar athugasemdir gerðar.

## UMFANG EFTIRLITS

Eftirlitið fólst í vettvangsskoðun og yfirferð gátlista.

### Umhverfi

Dýraaöstaða rannsóknarinnar í VRIII var skoðuð og myndir teknar.

### Afmörkunarráðstafanir athugaðar

Dyr og búr, takmarkaður aðgangur, verklag, úrgangur, frárennsli og dýravarnir

### Skráningar; skýrslur, handbækur og áætlanir

Skráning starfsemi er eingöngu í vinnudagbókum; bók 1 fyrir leyfisskilyrði, bók 2 fyrir daglegan rekstur og bók 3 fyrir búrahreinsun. Sérhver mús er á skráð og undir daglegu eftirliti. Engin mús hefur týnst eða sloppið út í ytra umhverfi dýraaðstöðunnar samkvæmt því eftirliti. Áætlun um takmörkun á útbreiðslu erfðabreyttra lífvera og viðbragðsáætlun voru til staðar og aðgengilegar starfsfólki. Einnig var áætlun um rekstrarstöðvun fyrir hendi, en núverandi leyfi fellur úr gildi þann 21. október 2012.

## ANNAÐ

Eftirlitið hófst kl. 11:00 þann 18. október sl. í dýraaðstöðu HÍ í VRIII. Forstöðumaður músarannsóknarinnar fór með eftirlitsfulltrúa Umhverfisstofnunar í vettvangsskoðun. Í kjölfarið var farið yfir gátlista fyrir eftirfylgni við sett leyfisskilyrði. Eftirliti lauk kl. 11:40.

Eftirlitsfulltrúi Umhverfisstofnunar fékk afhenda nýja leyfisumsókn, sem hafði misfarist í pósti. Umsóknin er í vinnslu hjá Umhverfisstofnun og umsagnarferli hjá ráðgjafanefnd um erfðabreyttar lífverur.

Reykjavík, 21.11.2012

Ásgeir Björnsson

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.